

83

2. gr.

19. júlí

Á eftir orðunum „kl. 1 síðdegis“ í 4. gr. samþykktarinnar sé skotið inn orðunum:

og fyrsta sunnudag í sjöviknaföstu til kl. 5 síðdegis.

3. gr.

Hvarvetna á eftir orðunum sölubúðir í samþykktinni komi sölustaðir með viðeigandi tengiorðum og í viðeigandi myndum.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júlí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

84

SAMÞYKKT

24. júlí

fyrir Veiði- og fiskræktarfélagið Víðidalsá.

1. gr.

Félagið heitir Veiði- og fiskræktarfélagið Víðidalsá. Heimili þess og varnarping er heimili formanns.

2. gr.

Félagssvæðið er: Bjargaós, Miðhópsvatn ásamt Gljúfrá, Víðidalsá fram að Kolufossi og Fitjá fram að Bjarnarfossi. Þar til heyra þessar jarðir:

Þingeyrar, Leysingjastaðir, Hagi, Hólabak, Miðhóp, Gröf, Refsteinsstaðir, Titlingastaðir, Þorkelshóll, Nýpukot, Lækjamót, Þórukot, Stóra Ásgeirsá, Litla Ásgeirsá, Dæli, Hvarf, Kolugil, Bakkakot, Víðidalstunga, Valdarás, Kambhóll, Neðri Fitjar, Fremri Fitjar, Stórahvarf, Hrisar, Auðunnarstaðir, Galtanes, Síða, Litla Borg, Stóra Borg, Gottorp og Ásbjarnarnes.

3. gr.

Verkefni félagsins:

- a. Að auka lax- og göngusilungsveiði í vatnahverfi Víðidalsár samkvæmt 2. gr., svo sem með byggingu klakstöðvar, flutningi seiða, friðun, eyðingu sels og annara veiðivarga.
- b. Að reka alla lax og silungsveiði á nefndu vatnasvæði með félagsstarfrækslu.

Er félaginu heimilt að notfæra sér veiðina, hvort heldur er með leigu til 84
stangaveiði eða með sameiginlegum veiðitækjum í Bjargaósi. 24. júlí

4. gr.

Stjórn félagsins skipar 5 manna nefnd. Skulu þeir kosnir á aðalfundi félagsins til þriggja ára í senn, og skipta þeir sjálfir með sér verkum.

Enginn félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi verið 6 ár í stjórn.

5. gr.

Formaður hefir yfirumsjón með öllum störfum félagsins milli funda og boðar til þeirra og stýrir þeim. Hann sér um bókun fundargerða og hefir á hendi reikningsfærslu fyrir félagið. Hann er málsvari félagsins út á við og ber ásamt allri stjórninni ábyrgð á öllum fjárreiðum félagsins.

Á stjórnarnefndarfundum ræður afl atkvæða og er formanni skylt að boða til funda, ef meiri hluti nefndarinnar óskar þess.

Stjórnin fær þóknun fyrir störf sín samkvæmt reikningi, sem aðalfundur úrskurðar.

6. gr.

Stjórn félagsins boðar til aukafundar, þegar henni þykir ástæða til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess skriflega til félagsstjórnarinnar ásamt tilgreindu fundarefni.

7. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að skuldbinda félagið með lántöku, er nota þarf til stofnkostnaðar þess og nauðsynlegs rekstursfjár.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Aðalfundur hefir æðsta vald í öllum félagsmálum, skal hann haldinn fyrir febrúarlok ár hvert og boðaður með 5 skiptu fundarboði eftir því, sem hentast þykir á félagssvæðinu, en til aðila búsettra utan þess með bréfi með 3ja vikna fyrirvara. Á fundinum leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið ár, skýrir frá störfum þess á umliðnu ári og leggur fram áætlun um starfstílhögun og starfrækslukostnað félagsins á yfirstandandi ári. Aðalfundur getur gert ákvarðanir um, hvort öllum arði félagsins er skipt upp samkvæmt arðskrá, eða einhver hluti hans leggist í sjóð til tryggingar og hægðarauka við rekstur félagsins.

Á aðalfundi skal kosin stjórn félagsins og 2 endurskoðendur til tveggja ára, er ganga úr sitt árið hvor.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykkt þessari.

Aðalfundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna er mættur. Náist ekki

84 lögmaður fundur, skal boða til fundar á ný og er hann þá lögmaður sé lög-
24. júlí lega til hans boðað.

10. gr.

Félagsmenn bera í hlutfalli við gjaldskrá félagsins ábyrgð á kostnaði þeim, er af rekstri félagsins leiðir, og taka einnig hlutdeild í arði af starfsemi þess eftir sömu reglum. Kostnaður þessi, eða arður, jafnast niður fyrir hvert ár í hlutfalli við gildandi gjaldskrá, sem verður því jafnframt arðskrá félagsins. Gjaldskránni má aðeins breyta samkvæmt þeim reglum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

11. gr.

Gjald dagi á árgjöldum til gjaldskrár er fyrir aprilmánaðarlok. Gjöld þessi eru lögtakskræf.

12. gr.

Félagar eru allir þeir eigendur jarða eða ábúendur, er veiðirétt hafa á félagssvæðinu. Fer hver þeirra með eitt atkvæði á fundum félagsins, en sé um sameign fleiri manna að ræða þá formaður.

13. gr.

Félagsmönnum og þeim öðrum, er á félagssvæðinu búa, er óheimilt að hafa með höndum ádráttarnet fyrir lax og silung, nema þeir geti sannað, að það eigi að nota í vatni utan félagssvæðisins. Öll veiðarfæri, er nota á til veiða í fiskihverfinu, skulu merkt með merki félagsins sem er orðið „*Víðidalsá*“.

Um veiði til klaks og visindalegra rannsókna fer eftir því er lög mæla fyrir.

14. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar allt að 1000 króna sektum, er renna í viðkomandi sýslusjóði og skulu öll veiðarfæri gerð upptæk, sem notuð eru með ólöglegum hætti.

15. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi ef $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkja og breytingartillögurnar hafa verið birtar í fundarboði.

16. gr.

Nú þykir æskilegt að slita þessum félagsskap, og er það þá heimilt, ef tveir löglega boðaðir fundir í röð samþykkja með $\frac{2}{3}$ atkvæðum fundarmanna að leggja niður félagið.

Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn eftir gildandi gjaldskrá.

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. júlí 1935.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.